

Alþingi  
Erindi nr. P 135/3078  
komudagur 7.8.2008

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Eva Sigurðardóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 06. ágúst 2008  
Tilvísun: 2008020075/90.12  
SE/

**Efni: Umsögn um drög að nefndaráliti vegna frumvarps til laga um breyting á skipulagslögum, 374. mál.**

Með bréfi dags. 04.07. sl. er Vegagerðinni gefinn kostur á að koma að athugasemdum við drög að nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á skipulagslögum, 374. mál.

Vegagerðin gerði nokkrar athugasemdir við frumvarpið með bréfi dags. 09.04. sl. Ekki verður séð af fyrirliggjandi drögum að nefndaráliti að tillögur Vegagerðarinnar hafi fengið náð fyrir augum nefndarmanna án þess þó að þar sé að finna umfjöllun þar að lútandi. Vegagerðin ítrekar því fyrri athugasemdir og breytingatillögur í nefndu bréfi en gerir ekki að öðru leyti athugasemdir við umrædd drög.

Virðingarfyllst,



Gunnar Gunnarsson,  
aðstoðarvegamálastjóri.